

Mál nr. 246/2016

**M
og
fyrirtækið V v/ óþekkts ökutækis.**

Ágreiningur um bótaskyldu er maður féll af reiðhjóli.**Gögn.**

Málskot, móttækið 11.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 25.8.2016.

Málsatvik.

Síðdegis 18. september 2014 hjólaði M á ljósastur við innkeyrslu að bifreiðastæði við KR heimilið við Kaplaskjólsvæg í Reykjavík og féll hann í götuna. Við óhappið viðbeinsbrotnaði M vinstra megin. M gaf skýrslu hjá lögreglu 15. október 2014. Í skýrslunni er haft eftir honum að hann hafi hjólað eftir Kaplaskjólsvægi til norðurs og er hann kom að innkeyrslu að KR heimilinu hafi bifreið komið úr gagnstæðri átt. Hann hafi misreiknað hraða bifreiðarinnar og hjólað yfir innkeyrsluna. Kvað hann bifreiðina hafa farið hraðar en hann áttaði sig á og því stigið hjólið fastar til að koma sér af veginum. Á hann hafi komið fát sem hafi verið svo mikið að hann hafi ekki séð ljósastaur handan við götuna og hjólað á hann af miklu afli og fallið á gangstéttina. Við það að hjóla á lausastaurinn hafi hann fengið mikið högg á vinstri öxl.

Ekki er vitað hver sú bifreið var sem bar að í þeirri andrá sem M hjólaði yfir innkeyrsluna og lenti á ljósasturnum. M kveðst hafa orðið fyrir því tjóni, sem hann hlaut við slysið, af völdum hinnar óþekkту bifreiðar. Hefur hann krafist bóta fyrir tjón sitt úr hendi V með vísan til 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatrýggingar. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 skal V sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka eða missi framfæranda vegna slyss á Íslandi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts vélknúins ökutækis. Svo virðist sem engin vitni hafi verið að atvikinu og er M einn til frásagnar um það hvernig það bar að höndum. Samkvæmt frásögn hans mun hann hafa stigið hjól sitt fastar og komið á hann fát er hann áttaði sig á að hann hafi misreiknað hraða bifreiðarinnar sem þarna mun hafa borið að. Ekki verður frekar ráðið af frásögn M hvernig hin óþekkta bifreið nálgadist og í hverju sú hætta fólst sem átti að hafa stafað af henni. Þegar af þeirri ástæðu, sem og gögnum málsins að öðru leyti, þykir M ekki hafa leitt nægar líkur að því að ætla megi að tjón hans hafi hlotist af notkun óþekkts vélknúins ökutækis. Greiðsluskylda hefur því ekki stofnast hjá V vegna máls þessa.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda V er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 20. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.